

Nr. 1.  
14.  
jan.

Útgjöld við jarðabókarsjóðinn samkvæmt fjárhagsáætlun.....	handan að...	325,016 rd.	6 sk.
Útgjöld við jorðabókarsjóðinn, sem enn eru ógreidd..	70,404 rd.	19 sk.	
Útgjöld við jarðabókarsjóðinn, sem eigi eru á fjárhagsáætlun og sem verða endur-goldin aptur.....	342 —	92 —	
	148,953 —	57 —	219,700 — 72 —
Í jarðabókarsjóðnum 31. desbr. 1874 .....		105,315 rd.	30 sk.

Nr. 2.  
14.  
jan.

## Lög um skipströnd.

**Vjer Christian hinn Niundi,** af guðs náð Danmerkur konungur.  
**Vinda og Gauta,** hertogi i Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Pjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. grein.

Hver sem verður var við, að hafskip sje í hættu, eða að strandað góz reki á land, er skyldur að gjöra allt það, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og gózi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra frá óförum þeim, sem orðið hafa, eða óttast má.

### 2. grein.

Nú verður skipreiki, og skal hreppstjóri tafarlaust skýra löggreglustjóra frá. Til þess má hafa skyndiboda, og greiðist honum borgun af gózi því, sem bjargað verður. Löggreglustjóri skal skýra amtmanni frá skipbroti með fyrstu ferð.

### 3. grein.

Skyldur er löggreglustjóri að fara þegar í stað þangað, sem skipreiki hefir orðið, og skipa fyrir um björgun; skal hann og vera einlægt við, meðan verið er að bjarga, og bóki hann allt það, er gjörist.

Nú getur löggreglustjóri eigi farið vegna sjúkleika, eða embættisanna, og skal hann þegar í stað senda mann í umboði sínu, er framkvæmi störf þau, er honum ber að leysa af hendi, þangað til hann sjálfur getur komið; enda ábyrgist hann það, er umboðsmaður hans gjörir.

Hreppstjóri er skyldur að gjöra, fyrir hönd löggreglustjóra, allar þær ráðstafanir, sem kostur er á, til þess að bjarga hinu strandaða skipi, mönnum eða gózi þangað til löggreglustjóri eða umboðsmaður hans kemur til. Slíkt er og skylda annara, sem við eru staddir, þar til hreppstjóri kemur; en ávallt skal gæta þess, að ekkert sje gjört, er varni valdsmanni, þá er hann kemur, að rannsaka málid, og fá vissu fyrir, að engu sje spilt eða týnt.

Nr. 2. Lög 14. jan. um skipströnd.

	Overført... 325,016 Rd. 6 ½.	Nr. 1.
Budgetmæssige Udgifter ved Bordebogs- kassen .....	70,404 Rd. 19 ½.	14de Januar.
Udgiftsrestancer ved samme.....	342 — 92 -	
Besurudgifter ved samme.....	148,953 — 57 -	
	<hr/>	
	219,700 — 72 -	

Bordebogskassens Beholdning den 31te December 1874..... 105,315 Rd. 30 ½.

## Strandings-Lov.

Nr. 2.

14de

Januar.

Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark,  
de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadsfæstet følgende Lov:

### § 1.

Enhver, der bemærker, at noget Skib er i Fare, eller at strandet Gods inddriver paa Kysten, er forpligtet til at lagtage Alt, hvad der staar i hans Magt for at redde Menneskene og hierge Godset og navnlig til usortøvet at give vedkommende Repstyrer Underretning om det indtrufne eller befrygtede Ulykkestilfælde.

### § 2.

Repstyreren har, naar Strandning er foregaaet, usortøvet at gjøre Anmeldelse herom til vedkommende Politimester, og maa til saadan Anmeldelse benyttes Tlbud, hvorved Omkostningerne udredes af Strandingsmassen. Politimesteren har ved første forefaldende Lejlighed at gjøre Anmeldelse om Skibbruddet til Amtmanden.

### § 3.

Politimesteren har uden Ophold at begive sig til Strandingsstedet og der ordne det til Bjergringenens hensigtsmæssigste Forberedelse Fornødne, samt overvære hele Bjergringen og føre Protokol over Alt, hvad derved foregaar.

Er Politimesteren enten ved Sygdom eller Embedsforretninger forhindret i at begive sig til Strandingsstedet, skal han uden Ophold sende en Befuldmægtiget dertil, som paa hans Ansvar har at udføre de ham med Hensyn til Strandningen paahvilende Forretninger, indtil han bliver i Stand til personlig at indfinde sig paa Strandingsstedet.

Indtil Politimesteren eller hans Befuldmægtigede kommer tilstede paa Strandingsstedet, skal Repstyreren paa hans Begne træffe alle til det strandede Skibs, Mandskabs eller Godsets Bjergring fornødne Foranstaltninger, og skal samme Pligt, indtil Repstyreren kan komme tilstede ved Strandningen, paahvile andre ved denne Tilstedeværende, hvorved dog stedse bliver at bruge en saadan Fremgangsmaade, at den ikke bliver Øvrigheden, naar den indfinder sig, til Hinder i at undersøge Sagen og forsikre sig om, at Intet er blevet forvansket.

Nr. 2.

14.  
jan.

## 4. grein.

Nú rekur brot af skipi, sem orðið hefir fyrir tjóni annarstaðar, eða nokkuð af farmi þess, og skal hreppstjóri skýra löggreglustjóra frá því hið fyrsta, en eigi má hafa skyndibóð til þess, nema stórt vogrek sje á land rekið, svo auðsætt sje, að það geti borið kostnað þann, er þar af leiði. Löggreglustjóri ákveður, hvort nauðsyn beri til, að hann fari sjálfur á rekafjöru, en að öðrum kosti segir hann fyrir um það, hvernig fara skuli með vogrekið. Hreppstjóri skal gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til að bjarga vogrekunum, þangað til sýslumaður kemur, eða tilkynnir fyrirskipanir sínar. Sýslumaður skal með næstu póstferð skýra amtmanni frá vogrekum.

## 5. grein.

Nú er skipstjóri eða annar, sem er í hans stað, við staddir, og má enginn undir því yfirskyni, að veita honum ljálp, bjarga nokkru móti vilja hans. En ef hjálpar er leitað, annaðhvort með merki, eða á annan hátt, skal hún mótmælalaust í tje látin. Þó verður það enn að vera undir skipstjóra komið, hvort hann vilji semja um björgun við einstaka menn (8. gr.), eða fela valdsmanni að annast um hara. Sömuleiðis geta rjettir eigendur, hve nær sem vera skal, látið afhenda sjer skip það og góz, sem bjargað er, ef þeir eða umboðsmenn þeirra annaðhvort ná samkomulagi við hlutaðeigendur um bjarglaun og kostnað, eða ef löggreglustjóri álítur, að nægilegt sje boðið, og nægt veð verður sett til tryggíngar því, að það verði goldið jafnskjótt sem hlutaðeigendur vilja taka við því.

## 6. grein.

Skyldir eru allir verkfærir alþýðumenn að vinna að björgun, þegar hreppstjóri eða löggreglustjóri kveður þá til þess. Nú er maður hjú annars manns, og skal húsþóni skyldur að ljá hann, er hann er þar til kvaddur. Svo skulu og þeir, sem eiga báta, hesta og áhöld, sem á þarf að halda við björgunina, vera skyldir að láta það allt í tje, er þeir eru kvaddir til þess.

## 7. grein.

Sje hvorki skipstjórnarmaður nje stýrimaður með hinu strandaða skipi eða gózi og hafi heldur enginn annar umboð eigenda til þess að sjá um hagsmuni þeirra, svo og, ef hlutaðeigendur fela yfirvaldinu að annast um björgunina (sbr. 5. gr.), skal löggreglustjóri ákveða borgun þá, sem eptir sanngirni ber þeim, sem björguðu, fyrir ómak þeirra og fyrirhöfn; samt skal þeim, sem hlut eiga í strandinu, og eru við eða koma að,heimilt að skjóta ákvörðun löggreglustjóra um þetta undir úrslit hlutaðeigandi amtmanns.

Þegar ákveða skal bjarglaun, skal líta á sjerstök atvik, sem hafa gjört mönnum hægra eða örðugra fyrir að bjarga. Veita skal öllum bjargendum hæfileg daglaun eptir atvikum fyrir þann tíma, sem þeir eru við björgun samkvæmt tillhlutun valdsmanns eða annara, sem hlut eiga að máli. Þannig skal líta á það, ef þeir verða að missa arðsamrar atvinnu, svo sem sjóróðra eða heyyinnu. Hækka má daglaun þeirra bjargenda, sem annaðhvort hafa gengið mjög vel fram, eða stofnað sjer í hættu; enda má og veita hreppstjórum, eða þeim, sem valdsmaður felur á hendur umsjón við björgun, hærri laun, er sambjóði atorku þeirra og dugnaði, en þó eigi meiri en tvöföld við daglaun þau, sem vant er að veita bjargendum. Auk daglauna skal einnig veita hjargendum endurgjald

## § 4.

Opdriver der paa Stranden Dele af et andetsteds forulykket Skib eller af dets Ladning, har Repslyreren snarest muligt at gjøre Anmeldelse derom til Politimesteren, men Ifbud maa ikke benyttes til saadan Anmeldelse, med mindre det Strandede er saa betydeligt, at det er øiensynligt, at de ved Ifbuds Bemyttelse foranledigede Udgifter ville kunne dækkes. Politimesteren afgør, om det er nødvendigt, at han selv begiver sig til Strandingsstedet, og afgiver i modsat Fald de fornødne Bestemmelser om, hvorledes der skal forholdes med det strandede Gods. Indtil Sysselmanden ankommer eller afgiver sine Bestemmelser, gør Repslyreren de til Godssets Redning fornødne Foranstaltninger. Sysselmanden bør med første Post gjøre Indberetning til Amtmanden om Strandingen.

Nr. 2.  
14de  
Januar.

## § 5.

Saa længe Skipperen eller Nogen, der træder i hans Sted, er tilstede, maa Ingen under Foregivende af at komme ham til Hjælp foretage nogen Bjergring imod hans Billie; men, hvis Hjælp enten ved givet Signal eller paa anden Maade begjæres, bør den uøgerlig ydes ham, dog maa det endnu bero paa ham, om han derom vil komme overens med Enfalte (§ 8), eller han vil overlade det til Øvrigheden at bestyre Bjergringen. Eigeledes funne rette Giere til enhver Tid sættes i Besiddelse af det hjergede Skib og Gods, naar de enten i Mindelighed tilfredsstille Bedkommende for Bjergeton og Omkostninger, eller Politimesteren dog finder det Tilbuds tilstrækkeligt, og betryggende Sikkerhed stilles for, at det vil blive udbetalt, saa snart Bedkommende ville modtage samme.

## § 6.

Alle dertil dygtige Mandspersoner af Almuen skulle paa Opfordring af Repslyreren eller Politimesteren være pligtige til at tage Del i Bjergringsarbeidet, ligesom enhver Husbond ogsaa er pligtig til at opfæste sit Øynde, naar det forlanges til det nævnte Arbeide. Eigeledes bør de fornødne Baade, Heste og Redskaber, som udkræves til Bjergringen, leveres af dem, som eie deslige Ting, naar det forlanges.

## § 7.

Naar hverken Skipper eller Styrmand folger det strandede Skib eller Gods og heller ingen Ander er bemyndiget af Gierne til at varetage disses Tarr, eller naar de Bedkommende overlade til Øvrigheden at drage Omsorg for Bjergringen (jfr. § 5), har Politimesteren at fastsætte den Betaling, der efter Billighed tilkommer Bjergerne for deres Flid og Anstrengelser, dog at det staar de i Strandingen interesserede Personer, der maatte være eller komme tilstede, frit for at indanke den af Politimesteren i saa Hensende trufne Bestemmelse til vedkommende Amtmands Afgjørelse.

Bed Faststætelsen af Bjergetonen blive at tage i Betragtning alle de med det indtrufne Strandingsstilsælde forbundne særegne Omstændigheder, som kunne have bidraget til at lette eller bevirrliggjøre Bjergringsarbeidet. Der bliver at tilstaa alle Bjergerne en efter Omstændighederne passende Daglon i den Tid de efter Øvrighedens eller rette Bedkommendes Foranstaltung ere tilstede ved Bjergringen, og bliver der særlig at tage Hensyn til, om de maa forsomme et indbringende Arbeide, saafom Fiskeri eller Hostarbeide, men ligesom der desforuden kan tillægges de Bjergerne, der enten have udvist særlig Flid og Anstrengelser eller have været udsatte for særlig Fare, en passende Forhøjelse, saaledes maa der ogsaa tilstaa Repslyrerne, eller hvem det af Øvrigheden maatte overdrages at føre Opsyn med Bjergringen, en til deres udviste Flid og Døbelighed svarende høiere Betaling, som dog ikke bør overstige det Dobleste af den Bjergerne i Almindelighed tilstaaede Daglon. Ferden den dem tilkommende Daglon bør Bjergerne ogsaa have de Udgifter godtgjorte, som de maatte have havt i Anledning af Bjergringen, ligesom ogsaa de, der til Afhænhtelse ved Bjergringen tillægge

Nr. 2. fyrir kostnað þann, sem þeir hafa haft við björgunina; svo skal og greiða þeim, er ljøð  
 14. hafa báta, hesta, kaðla og önnur áhöld til björgunar, hæfilega borgun, og skal ákveða  
 jan. hana á sama hátt sem bjarglaunin. Skipbrotsmenn sjálfir skulu ávallt láta af hendi til  
 björgunar báta þá, kaðla og önnur áhöld, sem skipinu fylgja.

Löggreglustjóra er heimilt að semja um björgun á skipi og gózi án þess að miða  
 borgunina við daglaun; þó mega bjarglaunin eigi vera meiri en þriðjungur andvirðis þess,  
 er bjargað er. Eigi má gjöra samninginn án samþykkis skipstjóra, eiganda eða annara,  
 sem að rjettu eiga hlut að máli, ef þeir eru við.

#### 8. grein.

Þegar skipstjóri, eða umboðsmaður hans semur um björgun, skal gjöra samninginn  
 eða gangast undir hann í viðurvist löggreglustjóra, og skal löggreglustjóri leiða athygli  
 skipstjóra, eða umboðsmanns hans að því, að hann eigi þurfis að ganga að afarkostum,  
 með því að lög gefi kost á björgun fyrir sanngjörn laun. Svo skal og löggreglustjóri með  
 berum orðum vara þann við, sem hlut á að máli, þegar laun, sem samið er um, eru  
 ósanngjörn. Nú á það ríki, sem skipstjóri er úr, eða ábyrgðarfjelag umboðsmann í grennd  
 við strandið, og skal skýra skipstjóra frá því, svo hann geti sótt hann að ráðum, áður en  
 samningur er gjörður.

Þegar skipstjóri eða sá, sem er í hans stað, síðan lýsir yfir því, að hann vilji, að  
 samningurinn verði staðfestur, skal gjöra samninginn að fullu og öllu, og rita á hann  
 vottorð löggreglustjóra um það, sem þannig hefir fram farið, og verður þá samningurinn  
 skuldbindandi að lögum. Sje björgunarsamningur gjörður, og þessa eigi gætt, getur  
 skipstjóri, eða hver annar, sem á að gæta hagsmunu eiganda, mótmælt borgun þeirri, sem  
 ákveðin er í samningnum, og heimtað, að hún verði ákveðin á þann hátt, sem fyrir er  
 mælt í 7. gr.

Eigi má fresta björgun, þótt mönnum komi eigi saman um bjarglaunin, og skal  
 tafarlaust láta í tje þá hjálp, sem kostur er á, enda skal þá ákveða bjarglaunin samkvæmt  
 7. grein, ef eigi verði síðan gjörður samningur.

#### 9. grein.

Nú hefur eigi verið gjörður neinn löglegur samningur um björgun, og skal þá  
 valdsmaður sjá um, að allt sem gjört verður til að bjarga skipshöfninni, skipi og gózi,  
 sje unnið svo fljótt, sem verða má, og á þann hátt, sem bezt hentar eptir atvikum. Sjeu  
 líkur til, að skipinu verði komið af grunni og það gjört haffert, skal valdsmaður og  
 bjargendur kosta kapps um, að svo megi verða. Verði þessu eigi viðkomið, skal fyrst og  
 fremst bjarga öllum skipaskjólum og varðveisita þau. Af gózi skal einkum fyrst bjarga  
 því sem mest er vert. Muni þá, sem bjargað verður, skal flytja þangað, er eigi sje hætt  
 við, að þá taki út. Til þess að varðveita gózið, getur valdsmaður heimtað, að látin sjeu  
 í tje hús einstakra manna, sem annaðhvort eru auð eða þeir mega án vera og eigi geta  
 skemmzt við slíka notkun. Ef mönnum semur eigi um húsaleigu, skal ákveða hana á  
 sama hátt, sem annan bjarkostnað (7. gr.). Ef bjargað góz eigi verður varðveitt á þenna  
 hátt, skal setja áreiðanlegan vörð, til þess því eigi verði stolið eða spillt. Þegar ráða  
 skal varðmenn, verður þó að sýna tilhlýðilega sparssemi, eins og við sjerhverja aðra ráð-  
 stöfun, sem til björgunar kemur.

Baade, Hestte, Tong og andre Redskaber, derfor bør erholde en passende Betaling, hvis Nr. 2. Størrelse fastsættes paa samme Maade som Bjergelønnen. Hvad de Skibbrudne selv <sup>14de</sup> Januar. besidde af Baade, Tonge eller andre til Bjergning tjenlige Redskaber, bør altid af dem afgives hertil.

Politimesteren er berettiget til at afslutte Kontrakt om Bjergningen af Skib og Gods, uden at Betalingen herfor fastsættes i Daglen; dog maa samtlige Bjergningsomkostninger ikke overstige  $\frac{1}{3}$  af det Bjergedes Værdi, og Kontrakten maa ikke afsluttes uden Samtykke af Skipperen, Gieren eller andre i Strandingen Intereserede, for saa vidt disse ere tilstede.

### § 8.

Naar Bjerningskontrakt indgaas af Skipperen eller den, der træder i hans Sted, bør den oprettes eller vedgaas i Overværelse af Politimesteren, der har at gjøre Skipperen eller den, der træder i hans Sted, opmærksom paa, at han ikke behøver at give efter for Vedkommendes Fordringer, da Loven hjemler ham Adgang til at faa Bjergningen udført mod en billig Betaling, ligesom Politimesteren, naar den i Kontrakten betingede Betaling er ubbillig, udtrykkelig bør gjøre Vedkommende opmærksom herpaa. Saa bør Skipperen ogsaa, naar den Stat, hvortil har hører, eller vedkommende Assurancejelskab har en Agent i Nærheden af Strandingsstedet, gjøres opmærksom paa, at han, inden han afslutter Kontrakten, kan søge Raad hos denne. Naar Skipperen eller den, der træder i hans Sted, derefter erklærer, at han ønsker Kontrakten stadfæstet, bliver Kontrakten endelig at afslutte og at forsyne med Politimesterens Uttest om det, derfaaledes er foregaaet, hvorefter den bliver forbindende efter Loven. Er en Bjerningskontrakt indgaet, uden at dette er iagttaget, kan Skipperen, eller hvo der ellers har at varetage Gierens Farv, modstætte sig den deri fastsatte Betaling, og fordre denne bestemt paa den i § 7 forefrevne Maade. Tovrigt maa Bjergning ikke udført, fordi Æforening om Bjergelen ei kan tilveiebringes, hvorimod den fornødne Hjælp desvagtet uoppholdelig bør ydes og Bjergelønnen da, for saa vidt ingen Overenskomst senere træffes, fastsættes i Overensstemmelse med § 7.

### § 9.

Ovrigheden har, for saa vidt ikke en indgaet lovlig Bjerningskontrakt gør det overflødig, at drage Omisjor for, at Alt, hvad der kan foranstaltes til Skibsmandskabets Redning og Skibets samt Godsets Bjerning, iværksættes paa den hurtigste og efter Omstændighederne hensigtsmæssigste Maade. Er der rimelig Udsigt til, at Skibet kan hjælpes fra Stranden og igjen gjøres seilbart, bliver dette fornemmelig Gjenstand for Ovrighedens og Bjergernes Omhu. For saa vidt dette ei kan ske, blive alle Skibspapirerne først og fremmest at redde og tage i Bevaring; af Godset bør det kostbareste fortinvisvis reddes først. Det Reddede bør bringes til Steder, hvor det ikke er utsat for at blive bortført af Havet. I dette Viemed kan Ovrigheden til Godsets Opbevaring anvise ledige eller undværlige private Bygninger, der ikke kunne lide ved slig Benyttelse, og i Mangel af mindelig Overenskomst bestemmes Pakhusleje ligesom de øvrige Bjerningsomkostninger (§ 7). For saa vidt det Bjergede ikke kan opbevares paa denne Maade, bør der ved paalidelig Bagt sorges for, at det ikke bortstjæles eller forvantes. Ved Antagelsen af Bagtmandskab bør dog ligesom ved enhver anden Bjergning vedkommende Foranstaltning tilbørlig Sparførmelighed iagttages.

Nr. 2.

14.

jan. Ef skipbrotsmenn geta eigi sjálfir útvegað sjer við sanngjörnu verði húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal hæfilega aðhjúkrun á sjúkum, skal valdsmaður hlutast til um, að þeim verði komið fyrir og útvegað það, sem þeir við þurfa, við sanngjörnu verði og kveður hann á um það. Valdsmaður sjer um greptrun dáiðna skipverja, og skal gjöra hana með svo mikilli sparsemi, sem verða má, ef ekki er annað fyrir höndum til þess, en það, sem bjargað hefir verið, og skipstjóri og aðrir, sem hlut eiga að málí, ekki heimta, að útförin sje gjörð nokkuð viðhafnarameiri, enda greiði þeir sjálfir kostnaðaraukann við hana.

Svo skal og valdsmaður sjá um, að skipbrotsmönnum veitist fararbeini heimleidis, er þeir mega frá strandi hverfa, og þeir hafa eigi sjálfir fararbeina. Geti skipbrotsmenn eigi þegar komið heim, annaðhvort vegna árstíma, eða fyrir aðrar sakir, og eigi er þar í nánd umboðsmaður hinnar útlendu þjóðar, sem þeir eru af, nje nokkur sá, er geti tekið þá að sjer, skal lögrelustjóri sjá um, að þeim verði komið fyrir í bráð. Ef það, sem bjargað er, hrökkur eigi fyrir öllum kostnaði, má eptir ósk lögrelustjóra greiða það, sem á vantar, úr landssjóði til bráðabirgða mótt endurgjaldi frá rjettum hlutaðeigendum.

## 11. grein.

Strandbókin, sem lögrelustjóri skal rita í samkvæmt 3. gr., skal bera með sjer dag og stund, er honum var skýrt frá strandinu, hver hafi fært honum fregn um það, og dag og klukkustund, er hann samkvæmt henni hafi komið til strandsins. Svo skal og þar skýra frá, hvar skipið og gózið var, og frá ásigkomulagi þess, þegar hann kom að, hvort skipstjóri, skipverjar eða farþegar hafi verið á skipi, og skal greina nöfn þeirra. Próf skal og halda yfir þeim, sem hlut eiga að málí, og bóka, hve nær og hvar fyrst varð vart við strandið, og hvað því hafi valdið; og enn allt annað, sem getur leitt í ljós aðgjörðir þeirra, sem hlut eiga að málí, eða það, hver skipið eigi og hvað um menningina hafi orðið, sem á skipinu voru o. s. frv. Enn skal bóka skýrslu um, hverjar ráðstafanir gjörðar hafa verið, til þess að bjarga, áður en lögrelustjóri kom til, t. a. m. hve margir menn hafi verið fengnir til að bjarga og halda vörð, hverjir bátar og önnur áhöld hafi verið við höfð o. s. frv. Svo skal og bóka ályktanir þær, sem lögrelustjóri gjörir, til þess að koma björgun við eða halda henni áfram. Skrifa skal og upp allt það góz, sem bjargað er, og skýra frá því svo nákvæmlega, sem unnt er. Að endingu skal getið alls þess í strandbókinni, sem fram fer og annaðhvort getur haft áhrif á rjettindi eigenda og bjargenda sín á milli, eða orðið ábyrgðarhluti einhvers.

Lögrelustjóri skal hafa svo nákvæmt eptirlit, sem verða má, með því, að flutt verði burt það, sem bjargað er, því fengin geymsla og það varðveitt eptir ráðstöfun hans. Leiki grunur á, að nokkuð hafi glatazt af því, sem bjargað er, eða sætt illri meðferð, skal rita bráðabirgða rannsóknir um þetta í strandbókina. Í hana skal einnig rita skýrslu um það, sem fram hefir farið til fullnustu því, sem fyrirskipað er í 8. gr., og, ef gjörður er björgunarsamningur, skal geta þess.

## 12. grein.

Hafa má hina venjulegu lögrelubók til gjörða þeirra, sem að framan eru nefndar, en sje hún eigi við, má búa til sjerstaka bók til afnota við einstakt strand. Í bók þessa

Nr. 2. Lög 14. jan. um skipströnd.

## § 10.

Nr. 2.

Naar de Folk, som fiudes paa det forulykkede Skib, ikke selv kunne forskaffe sig Logis, <sup>14de</sup> Januar. Koft og andre Fornødenheder, hvortil og behørig Sygepleie hører, imod billig Betaling, bør Dvrigheden foranstalte dem indkvarterede og forsynede med det Fornødne mod en af samme efter Billighed fastsat Betaling. Dvrigheden førger for de til Skibet hørende Dødes Begravelse, der bør ske med den størst mulige Sparsommelighed, naar ikke andre Udveie til sammes Afholdelse haves end det Bjergete, og ikke Skipperen eller andre Bedkommende ønske en noget anseligere Begravelse imod selv at dække de herved foregæde Udgifter.

Saa bør og Dvrigheden drage Omsorg for, at de Skibbrudne erholde Hjælp til Hjemreisen, naar deres Tilstedebilven paa Strandingsstedet ikke længere er fornøden og de ikke selv kunne særge for deres Vortreise. Kunne de Skibbrudne enten paa Grund af Aars-tiden eller af andre Hensyn ikke strax hjemsendes, og der ikke i Nærheden er en Konsular-agent for den fremmede Nation, de maatte tilhøre, eller nogen anden, der kan tage sig af dem, har Politimesteren at særge for, at de indtil videre anbringes paa passende Maade. Kan det Bjergete ikke tilstrække til Utdredelsen af samtlige Udgifter, kan det Manglende efter Politimesteren Begjæring foreskydes af Landeskassen imod Refusion af rette Bedkommende.

## § 11.

Strandingsprotokollen, som i Overensstemmelse med § 3 skal føres af Politimesteren, maa udvise, hvilken Dag og Time samt af hvem han har modtaget Anmeldelser om Strandingen, Dagen og Klokeslettet, naar Politimesteren i Folge deraf har indfundet sig ved Strandingen, Stedet hvor og den Tilstand, hvori han ved sin Ankønst fandt Skibet og Godset, hvorvidt Skipper, Skibsfolk eller Passagerer fulgte med Skibet, hvilke Personer da bør nævnes. Saa bør og Forklaring af Bedkommende modtages og indføres i Protokollen om, naar og hvor Strandingen først blev bemærket, samt om, hvad der har foraarsaget samme, og iovrigt Alt, hvad der kan tjene til enten at bedømme Bedkommendes Forhold eller til at opdage, hvem Skibet tilhører, hvor Folkene ere blevne af, m. v. Fremdeles bør i Protokollen indføres Forklaring om, hvilke Forholdsregler der med Hensyn til Bjergringen have været trufne før Politimesteren Ankønst, saasom hvor mange Bjerger, og hvor stort Vagtmændskab der har været antaget, hvilke Baade og andre Redskaber der have været benyttede, m. v., samt de Beslutninger, der af Politimesteren i saa Henseende tages til Bjergringens Drøværtshætte eller Fortsættelse. Endvidere registreres alt det bjergede Gods, hvilket betegnes saa noie som muligt. Endelig bemerkes i Protokollen Alt, hvad der foregaar, og som enten kan faa Indflydelse paa Giernes og Bjergernes gjenstidige Nettigheder eller føre til Ansvar for Nogen.

Politimesteren fører et saa nojagtigt Tilsyn som muligt med det Bjergetes Vortførelse, Henlæggelse og Bevaring efter de af ham tagne Beslutninger, og hvis Mistanke opstaar om, at nogen Forvanskning af det Bjergete har fundet Sted, eller at det har lidt en slet Medfart, blive de foreløbige Undersøgelser herom at optage til Strandingsprotokollen. Denne bør ligeledes indeholde de Forhandlinger, der ere foregaede til Opfyldelse af Forstifterne i § 8, samt, hvis Bjerningskontrakt oprettes, Bemærkning herom.

## § 12.

Til ovennævnte Forretning benyttes den sædvanslige Politiprotokol; men haves denne ikke tilstede, kan der ogsaa til den enkelte Strandning indrettes en særegen Protokol, der for-

Nr. 2. skal löggreglustjóri sjálfur ríta blaðsíðutal, gegnum-draga hana og innsigla, og skal síðan  
 14. senda amtmanni hana, til þess hann rannsaki hana og riti á hana vottorð sitt.  
 jan.

Í hvert skipti, sem hætt er að bóka, skal eigi að eins löggreglustjóri rita nafn sitt undir hið bókaða, heldur einnig skipstjóri, hreppstjóri og tveir hinir helztu af bjargendum. Svo skulu og einnig vottar þeir skrifa undir, sem verið hafa viðstaddir við rannsóknir þær, sem gjörðar hafa verið, til þess að komast fyrir afbrot þau, sem orðið hafa. Ef löggreglustjóri og skipstjóri, eða sá, sem er fyrir hans hönd, ekki geta skilið hvor annan, skal, ef því verður við komið, hafa two lögfasta votta, sem kunni mál þeirra, og skulu þeir vera túlkar, enda riti þeir nöfn sín undir bókina. Bókina skal lesa upp greinilega, svo öllum hlutaðeigendum gefist kostur á að heyra, áður en skrifad er undir hana.

Strandgjörðina má eigi leiða til lykta, fyr en búið er að spryrra alla, sem hlut eiga að máli, hvort þeir viti af nokkru, sem óbjargað sje, og löggreglustjórinn sjálfur hefir ritað vottorð sitt í bókina um, að hann hafi ekki getað fundið neitt annað, sem bjarga skyldi, en það sem nefnt er í gjörðinni.

### 13. grein.

Löggreglustjóri hefir rjett til, að vísa burt öllum þeim mönnum, sem enga hlutdeild eiga í björgun eða gæzlu á hinu strandaði gózi, og að öðru leyti eru óviðriðnir strandið. Svo skal hann og vísa burtu þeim bjargendum, sem gjöra sig óhæfa til þess starfs sökum ofdrykkju, óspekta eða ótrúmennsku. Taka skal þá fasta, sem eigi vilja fara með góðu, er þeim er vísað burt, enda skal slíkur mótprói varða þeim ábyrgð (sbr. 29. gr. c.). Löggreglustjóri sker úr öllum þrætum, sem rísa af framkvæmdunum við björgunina, og skal hann síðar bóka úrskurð þann, sem hann kveður upp munnlega.

### 14. grein.

Löggreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau og drykkjarföng, sem skemmt hafa, og, ef til vill, kynnu að vera skaðvæn fyrir heilsu manna, verði rannsókuð annaðhvort af næsta hjeraðslækni, eða, ef hann getur ekki komið, af tveimur mönnum, som vit hafa á. Skulu þeir þá láta uppi álit sitt um, hvort nota megi vörurnar að eins með tilteknun sjerstaklegum skilyrðum, eða hafa þær til einhverra sjerstakra afnota, án þess að skaði hljótist af; og, ef svo er, má að eins selja vörurnar með því skilyrði, að það verði gjört kaupendum að skyldu, að verja þeim ekki til annars. Skal löggreglustjóri sjá um, að þessu verði hlýtt, og sje brotið gegn því, skal hegna þeim, sem hlut eiga að máli, með því að gjöra vörurnar upptækar og eptir atvikum með hæfilegri sekt, sem rennur í lands-sjóð. Verði vörurnar ekki gjörðar upptækar, skal dæma þann, sem hlut á að máli, í sekt, er að því skapi sje meiri, og fellur hún til landssjóðs. Nú eru vörur svo spilltar, að heilsu manna sje hætta búin, ef nýttar eru, og skal ónýta þær undir umsjón löggreglustjóra sjálfs, eða eptir boði hans með umsjón tveggja áreiðanlegra manna, sem hann skipar til þess.

### 15. grein.

Nú er grunsemð um, að næm sótt flytjist inn í landið með skipbrotsmönum, eða strönduðu gózi, og skal löggreglustjóri sjá um, að farið sje eptir lögum þeim og reglum, sem sett eru um sóttvarnir.

inden den tages i Brug, af Politimesteren selv pagineres, gjennemdrages og forsegles og senere <sup>Nr. 2.</sup>  
forelægges Amtmanden til Eftersyn og Paategning.

Hver Gang Protokollen sluttet, bliver den at underskrive ei alene af Politimesteren, men og af Skipperen, Repstyreren og to af de anseligste blandt Bjergerne, ligesom og de Bidner bør underskrive, der have overværet saadanne Undersøgelser, som maatte være foregaaede til Opdagelsen af begaaede Forseelser. Naar Politimesteren og Skipperen eller den, der træder i hans Sted, ikke kunne gjøre sig forstaaelige for hinanden, bør om mulig to lovfaste Bidner, som have den fornødne Sprogsfærdighed, bruges til den gjensidige Forklaring, hvilke Bidner da ogsaa bør underskrive Protokollen, hvorhos denne, førend Underskrifterne meddeles, bør lydelig oplyses og alle Vedkommende have Adgang til at høre dens Oplesning. Strandingsforretningen maa ikke sluttet, førend alle Vedkommende ere spurgte, om der vides noget yderligere at bjerze, og Politimesteren selv har attestet til Protokollen, at han ikke har været i Stand til at opdage noget Bidere, som kan komme under Bjergning end det, Forretningen indeholder.

<sup>14de</sup>  
Januar.

### § 13.

Politimesteren har Ret til at hortvise alle, som ikke deltagte i Bjergningen og Bevogtningen af det strandede Gods, saavel som andre Vedkommende, ligesom han bør hortvise de Bjergerne, som ved Druffenkab, Urolighed eller Utroskab gjøre sig usikkede til at bruges i denne Egenskab. Saal bør han og anholde dem, der efter at være hortviste ikke godvillig ville forsoie sig bort, og drage dem til Ansvar for den saaledes udviste Overhørighed (jfr. § 29 Litr. c.). Han afgør fremdeles alle de Stridigheder, som opstaa med Hensyn til Bjergningens Udførelse, og hans mundtlig afgivne Resolution bliver senere at tilføre Protokollen.

### § 14.

Politimesteren har at drage Omsorg for, at de Spise- og Drikkevarer, som hjerges i havareret Tilsstand, og som muligen kunde være skadelige for Menneskers Sundhed, blive undersøgte enten af den nærmeste Distriktslæge eller, hvis denne ikke kan komme tilstede, af twende sagkyndige Mænd, der da bør afgive Skøn om, hvor vidt Varerne blot under visse særlige Betingelser eller til en vist bestemt Brug kunne uden Skade anvendes, i hvilket Tilfælde Varerne ikke maa sælges med den Forpligtelse for Kjøberne, at der ikke gjøres anden Brug af samme. Det paaligger Politiet at overholde Efterlevelsen heraf og i Overtrædelses-Tilsælde at drage den Paagjældende til Ansvar til Varernes Konfiskation og en efter Omstændighederne passende Bøde, der tilfalder Landskassen. Kan Konfiskation ikke komme til Anvendelse, vil der være at ifjende Paagjældende en forholdsvis højere Bøde til samme Kashe. Kunne Varerne ikke afbenyttes uden Fare for Sundheden, blive de at tilintetgjøre under Politimesterens Opsyn eller efter hans Ordre under Opsigt af to paalidelige Mænd, som han dertil udnevner.

### § 15.

